

**Nd.**

**759. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 748 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,  
dóms- og kirkjumálaráðuneyti,  
félagsmálaráðuneyti,  
fjármálaráðuneyti,  
Hagstofa Íslands,  
heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,  
iðnaðarráðuneyti,  
landbúnaðarráðuneyti,  
menntamálaráðuneyti,  
samgönguráðuneyti,  
sjávarútvegsráðuneyti,  
utanríkisráðuneyti og  
viðskiptaráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr., hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.